


Greinin birtist í Morgunblaðinu 3. mars 2003 og er eftir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða.

Hvað verður um peninga lífeyrissjóðanna?

Því er gjarnan haldið fram þessa dagana að fjármunir lífeyrissjóðanna skili sér ekki til “fólksins í landinu”. Er helst svo að skilja að peningar sjóðanna séu læstir inni í peningaskáp eða liggi undir koddra stjórnenda sjóðanna og komi engum að gagni. Nær væri að 3ja mánaða innstreymi iðgjalda sjóðfélaganna inn í sjóðina rynnu til íbúðabygginga almennings.

Fullyrðing þess efnis að fjármunir lífeyrissjóðanna skili sér ekki til almennings er fjarstæða, sem eingöngu er til þess fallin að skapa neikvæða ímynd af lífeyrissjóðakerfi landsmanna.

- Lífeyrissjóðirnir greiða mánaðarlega um tvo og hálfan milljarð króna í lífeyri til sjóðfélaga sinna eða um 30 milljarða króna á þessu ári. Í fyrra námu lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna hærrí fjárhæðum en lífeyrisbætur almannatrygginga. Hluttur lífeyrissjóðanna í lífeyrisgreiðslum hefur aukist um 1,3% af landsframleiðslu frá árinu 1990 en hluttur almannatrygginga í lífeyrisgreiðslum um hálf t prósentustig á sama tíma. Þannig fer æ stærri hluti af innstreymi til sjóðanna í lífeyrisgreiðslur til landsmanna.



- Eignir lífeyrissjóðanna námu um síðustu áramót um 677 milljörðum króna. Stór hluti eigna sjóðanna fer til íbúðabygginga enda eru lífeyrissjóðirnir langstærstu kaupendur húsbrefa, svo dæmi sé tekið. Þannig nam húsbrefaeign og húsnæðisbrefaeign sjóðanna 144 milljörðum króna um síðustu áramót og beinar lánveitingar til Íbúðalánasjóðs 22 milljörðum króna. Lán til sjóðfélaga vegna íbúðarkaupa námu 84 milljörðum króna. Þannig námu fjármunir lífeyrissjóðanna sem nýttir hafa verið til íbúðarbygginga landsmanna alls 250 milljörðum króna

um síðustu áramót. Eru þá ótaldar háar fjárhæðir í öðrum eignum, sem óbeint fara í þennan málaflokk, s.s. í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga o.s.frv.

- Í apríl 2001 undirrituðu Landssamtök lífeyrissjóða viljayfirlýsingu við stjórnvöld um fjármögnun sérstaks átaks til byggingar 600 leiguíbúða á árunum 2001 til 2005 til viðbótar almennum heimildum Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða. Ekki hefur enn orðið úr framkvæmdum með þeim hætti, sem að var stefnt við undirritun viljayfirlýsingarinnar en ekki er við lífeyrissjóðina að sakast í þeim efnum. Hins vegar komu fram í fyrravor óskir frá félagsmálaráðuneytinu og Búseta að lífeyrissjóðirnir kæmu að sérstakri fjármögnun leiguíbúða hjá Búseta, sem væri umfram lánsloforð frá Íbúðalánasjóði. Hefur verið tekið vel í þessa beiðni af hálfu lífeyrissjóðanna.

Eins og ofangreindar staðreynir bera með sér má öllum vera ljóst að stór hluti af fjármunum lífeyrissjóðanna skilar sér aftur til almennings í formi lífeyrisgreiðslna og fjármögnunar íbúðarhúsnæðis.

Hrafn Magnússon
framkvæmdastjóri
Landssamtaka lífeyrissjóða